Nov 20, 2025

Mat á gæðavottun EQM+

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Suðurgötu Ísafirði

Kristrún Lind Birgisdóttir

Efnisyfirlit

Yfirlit **2**
Inngangur **2**
Umfang úttektar 2
Fræðsla 3
Stjórnun, markmið og umsýsla fræðslu 3
Upplýsingagjöf og varðveisla gagna 4
Undirbúningur og framkvæmd fræðslu 5
Náms- og starfsráðgjöf 6
Stjórnun, markmið og umsýsla ráðgjafar 6
Upplýsingagjöf og varðveisla gagna 7
Undirbúningur og framkvæmd ráðgjafar 7
Raunfærnimat 8
Stjórnun, markmið og umsýsla raunfærnimats 8
Upplýsingagjöf og varðveisla gagna 9
Undirbúningur og framkvæmd raunfærnimats 10
Niðurstaða **11**
Viðhengi **11**

Yfirlit

EQM er gæðamerki sem var þróað í samstarfi fulltrúa átta Evrópulanda. Fyrsta útgáfa var afrakstur verkefnis sem bar heitið RECALL, Recognition of Quality in Lifelong Learning, sem unnið var að á árunum 2006 – 2008 með styrk frá Leonardo da Vinci menntaáætlun Evrópusambandsins.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er ábyrgðar-, umsjónar- og vottunaraðili EQM/EQM+ gæðakerfisins og getur falið öðrum umsjón með sjálfri úttektinni. Þann 6. febrúar 2024 var staðfest með skriflegu samkomulagi að Ásgarður skólaráðgjöf (AIS ehf) myndi sjá um mat á starfsemi fræðsluaðila fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Samkomulagið gildir til næstu þriggja ára.

Þessi skýrsla er samantekt á matsúttekt sem ráðgjafi Ásgarðs gerði vorið 2025 á starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða í þeim tilgangi að mæla með að FA endurnýi EQM/EQM+ gæðavottunina.

Inngangur

Umfang úttektar

Matsaðili óskaði eftir því að fræðsluaðili færði rök fyrir því með hvaða hætti fræðsluaðili uppfyllti viðmið EQM/EQM+ á öllum þáttum gæðakerfisins. Matsaðili óskaði eftir útfylltum matslistum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í skjali sem inniheldur matslistana, leiðbeiningar, hjálparskjal og handbók fræðsluaðila. Vel gekk hjá fræðsluaðila að setja gögn í skjalið. Þegar fræðsluaðili hafði lokið sínu mati fór matsaðili yfir matið og fylgigögnin sem voru skýr og aðgengileg. Mat á starfseminni fyrir heimsókn matsaðila byggði á sjálfsmati fræðsluaðila og yfirferð gagna. Það sem eftir stóð og krafðist frekari gagna eða útskýringa var metið í samtali milli matsaðila og fulltrúa fræðsluaðila í heimsókn þess fyrrnefnda. Skjalið sýnir stöðuna eins og matsaðili skráði matið í heimsókninni.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða - EQM+ Sjálfsmat og mat úttektaraðila- sent 27. ágúst ...

Heimsóknin sjálf fór fram 8. október á Ísafirði. Matsaðili stýrði umræðum, skoðaði aðstæður og fór kerfisbundið yfir þau matsatriði sem út af stóðu en einnig tækifæri til umbóta til að styrkja enn frekar það sem vel er gert. Matsaðili og fulltrúarnir fjórir frá fræðsluaðila ræddu sig niður á sameiginlega niðurstöðu þar sem það var hægt. Fræðsluaðili hafði svo tvær vikur til að bæta við gögnum eða styrkja rökin fyrir sínu mati. Fræðsluaðili uppfærði gögn en litlu þurfti að bæta við enda var matið skýrt og gögnin aðgengileg og lýsandi. Framkvæmd mats og heimsóknar gekk vel og samskiptin við fræðsluaðila til fyrirmyndar.

Hér er uppfærður matslisti þegar búið er að bregðast við umbótum og ráðgjafi hefur staðfest uppfærsluna.

Matslisti Fræðslumiðstöð Vestfjarða 2025

Niðurstöður

EQM/EQM+ byggir á innra mati fræðsluaðila og í kjölfarið ytra mati matsaðila á því hversu vel núverandi starfsvenjur samræmast viðmiðum EQM/EQM+.

Matskvarðinn er þríþættur:

- Nei/Á ekki við
- Uppfyllt að hluta
- Uppfyllt að fullu

Til að fullnægja hverju viðmiði þarf gæðaviðmiðið að vera „uppfyllt að fullu“. Viðmið og vísbendingar sem eru ekki uppfyllt nema að hluta fara í umbótaferli. Eftir sjálfsmat fræðsluaðila voru allir þættir uppfylltir að fullu en eftir mat matsaðila og yfirferð á gögnum vöknuðu nokkrar spurningar sem kölluðu á frekari gögn, skýrari rök eða skoðun á aðstæðum. Í heimsókn og í viðbótum fræðsluaðila eftir heimsókn var öllum spurningum svarað og mat matsaðila klárað.

Fræðsla

Fyrsti matsþátturinn er fræðsla sem skiptist í eftirfarandi þrjá kafla.

„Stjórnun, markmið og umsýsla fræðslu“ lýtur að mati sem varðar stjórnskipulag, viðhald á gæðamenningu innan stofnunar/fyrirtækis, námsumhverfi, kröfur til leiðbeinenda, mat á árangri og framkvæmd fræðslu.

„Upplýsingagjöf og varðveisla gagna“ er mat á meðferð og miðlun upplýsinga, endurgjöf, varðveislu gagna og eftirfylgni og endurgjöf þátttakenda á þjónustuna.

„Undirbúningur og framkvæmd fræðslu“ er mat á þörfum þátttakenda, námskeið/námsleiðir og innihald þeirra, hæfniviðmið, fjölbreyttar kennsluaðferðir, árangur og endurgjöf til þátttakenda.

Stjórnun, markmið og umsýsla fræðslu

1. Stjórnun, markmið og umsýsla fræðslu
   - 1.1. Fræðsluaðili tryggir að starfsfólk (þ.m.t. verktakar) taki þátt í gæðastarfi, að viðhalda gæðamenningu og njóti stuðnings við að skilja og nýta gæðaferlið Uppfyllt að fullu
   - 1.2. Fræðsluaðili tryggir að fyrir liggi gæðaferlar og áætlanir um innleiðingu úrbóta Uppfyllt að fullu
   - 1.3. Fræðsluaðili tryggir að niðurstöður innra gæðamats séu skjalfestar og aðgerðum til úrbóta hrint í framkvæmd Uppfyllt að fullu
   - 1.4. Fræðsluaðili tryggir að ráðgjafar taki þátt í endurgjöf, endurskoðun og úrbótum á framkvæmd Uppfyllt að fullu
   - 1.5. Fræðsluaðili tryggir að niðurstöður endurgjafar og mats verði notaðar í umbótastarfi til að auka gæði þjónustunnar Uppfyllt að fullu
   - 1.6. Fræðsluaðili tryggir að starfsfólk sem kemur að fræðslu þekki lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og siðareglur kennara Uppfyllt að fullu
   - 1.7. Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinendur séu hæfir á grundvelli menntunar, þjálfunar og/eða reynslu sinnar eftir því sem við á Uppfyllt að fullu

1.8. Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinendur fái stuðning til að afla sér kennslufræðilegrar þjálfunar og símenntunar Uppfyllt að fullu
1.9. Fræðsluaðili hefur skýr og mælanleg markmið um framkvæmd fræðslu Uppfyllt að fullu
1.10. Fræðsluaðili skilgreinir hvaða verkferlar gildi við lok náms Uppfyllt að fullu
1.11. Fræðsluaðili skilgreinir hvað námsmenn þurfi að uppfylla til að ljúka námi á fullnægjandi hátt Uppfyllt að fullu

Styrkleikar

Öll viðmið uppfyllt að fullu. Gæðamál eru stöðugt til umræðu á fundum fastra starfsmanna auk þess sem fundað er með verktökum námsleiða, gerður samningur og gæðamál rædd. Framkvæmd gæðamats er sett fram í starfsáætlun, umbótaáætlun er skýr og henni markvisst fylgt eftir. Gæðahandbók er virk og uppfærð og allt starfsfólk og verktakar kemur að mati og umbótum samkvæmt viðmiðum um gæði. Leiðbeinendur eru valdir með tilliti til hæfni og reynslu og allir sem koma að fræðslu fá stuðning til að bæta eða viðhalda faglegum vinnubrögðum. Starfsfólk og verktakar eru upplýst um lög og reglugerðir auk gæðaviðmiða og verklags sem vinna skal eftir. Starfsmannahandbók er til staðar, uppfærð 2024, og er leiðbeinandi.

Úrbætur

Leiðir til úrbóta sem voru lagðar til í heimsókninni snéru að því að skjalfesta betur niðurstöður innra mats og kerfisbinda innra mat með langtímaáætlunum. Einnig var lagt til að í fundaáætlun kæmi fram hvenær gæðamál væru rædd sérstaklega. Í kjölfar heimsóknarinnar hefur verið brugðist við öllum ábendingum.

Upplýsingagjöf og varðveisla gagna

2. Upplýsingagjöf og varðveisla gagna
2.1. Fræðsluaðili er með stefnu um meðferð og varðveislu persónuupplýsinga sbr. lög nr. 90/2018 Uppfyllt að fullu
2.2. Fræðsluaðili tryggir að námsmenn fái upplýsingar um nám og mögulegan ávinning af því Uppfyllt að fullu
2.3. Fræðsluaðili hefur ferli til þess að vakta þarfir/óskir fólks sem hefur sýnt áhuga á námi Uppfyllt að fullu
2.4. Fræðsluaðili varðveitir nákvæmar upplýsingar um nám, námsferla og skráningar sbr. lög nr. 77/2014 Uppfyllt að fullu
2.5. Fræðsluaðili varðveitir nákvæmar upplýsingar um þátttöku námsmanna Uppfyllt að fullu
2.6. Við lok náms lætur fræðsluaðili námsmönnum í té staðfestingu um árangur í samræmi við hæfniviðmið Uppfyllt að fullu
2.7. Námsárangur/námslok námsmanna eru skráð og varðveitt í kerfi fræðsluaðila Uppfyllt að fullu
2.8. Fræðsluaðili hefur ferli til að taka við ábendingum og kvörtunum. Uppfyllt að fullu
2.9. Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinendur fái endurgjöf frá námsmönnum að námi loknu sem er notuð til umbóta Uppfyllt að fullu

Styrkleikar

Öll viðmið eru uppfyllt að fullu. Fræðsluaðili hefur uppfærða stefnu um varðveislu persónuupplýsinga og um trúnað og þagnarskyldu. Vel er haldið utan um námsferla, öll þátttaka og námsárangur er skráð og viðeigandi viðurkenningar veittar. Námskeiðsmat er lagt fyrir og niðurstöður nýttar til umbóta.

Úrbætur

Engar.

Undirbúningur og framkvæmd fræðslu

3. Undirbúningur og framkvæmd fræðslu
   - 3.1. Fræðsluaðili tryggir viðeigandi aðbúnað (aðgengi, tækjabúnað, eða annað sem þarf) Uppfyllt að fullu
   - 3.2. Fræðsluaðili býður upp á aðstöðu sem hæfir fullorðnum námsmönnum og viðfangsefnunum Uppfyllt að fullu
   - 3.3. Fræðsluaðili tryggir að hönnun náms byggi á greiningu á þörfum námsmanna, atvinnulífs og annarra aðila eftir aðstæðum Uppfyllt að fullu
   - 3.4. Fræðsluaðili tryggir að námsframboð sé endurskoðað reglulega í takt við þarfir atvinnulífsins og samfélagsins í heild Uppfyllt að fullu
   - 3.5. Fræðsluaðili leggur til skýr og mælanleg hæfniviðmið í samræmi við nám sem í boði er Uppfyllt að fullu
   - 3.6. Fræðsluaðili skal tryggja að námsmenn séu upplýstir um skipulag, efnistök og framkvæmd náms Uppfyllt að fullu
   - 3.7. Fræðsluaðili tryggir að komið sé til móts við fjölbreyttar þarfir námsmanna meðan nám stendur yfir Uppfyllt að fullu
   - 3.8. Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinendur fái stuðning við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum til þess að mæta einstaklingsbundnum þörfum námsmanna og settum hæfniviðmiðum Uppfyllt að fullu
   - 3.9. Fræðsluaðili tryggir að námsmenn fái stuðning við að setja fram áætlun um leiðir til að ná hæfniviðmiðum námsins Uppfyllt að fullu
   - 3.10. Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinandi framfylgi lýsingu náms. Uppfyllt að fullu
   - 3.11. Áður en nám hefst skal fræðsluaðili tryggja að námsmenn séu upplýstir um hvernig námsárangur á móti hæfniviðmiðum er metinn og hvernig endurgjöf er háttað Uppfyllt að fullu
   - 3.12. Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinendur beiti fjölbreyttum aðferðum til þess að meta framgang náms hjá námsmönnum Uppfyllt að fullu

Styrkleikar

Öll viðmið eru uppfyllt að fullu. Fræðslumiðstöðin glímir við myglu og aðeins hluti húsnæðisins á Ísafirði er í virkri notkun. Húsnæðið hefur verið tekið út og stenst kröfur. Samtal við nærumhverfið er gott og náið og boðleiðir mjög stuttar.

Úrbætur

Leiðir til úrbóta sem lagðar voru fram í úttektinni voru minni háttar en ráðgjafi lagði til betri lýsingar á fjölbreyttum kennsluháttum og nánari lýsingu á

námsmatsfyrirkomulagi. Brugðist var við því og þetta var uppfært í gæðahandbók og viðeigandi gögnum.

Náms- og starfsráðgjöf

Næsti matsþátturinn er náms- og starfsráðgjöf sem skiptist í þrjá kafla.

„Stjórnun, markmið og umsýsla ráðgjafar“ lítur að mati sem varðar markmið, stjórnun og skipulag ráðgjafar á vegum fræðsluaðila, viðmið um umhverfi ráðgjafa og aðkomu starfsfólks að gæða og umbótarstarfi til að auka gæði þjónustunnar. ·

„Upplýsingagjöf og varðveisla gagna“ er mat á meðferð og miðlun upplýsinga, endurgjöf, varðveisla gagna og eftirfylgni og endurgjöf þátttakenda á þjónustuna.

„Undirbúningur og framkvæmd ráðgjafar“ er mat á þörfum notenda, fjölbreyttar ráðgjafa leiðir, markmið og eftirfylgni.

Stjórnun, markmið og umsýsla ráðgjafar

1. Stjórnun, markmið og umsýsla ráðgjafar
   - 1.1. Fræðsluaðili tryggir að starfsfólk (þ.m.t. verktakar) taki þátt í gæðastarfi, að viðhalda gæðamenningu og njóti stuðnings við að skilja og nýta gæðaferlið Uppfyllt að fullu
   - 1.2. Fræðsluaðili tryggir að fyrir liggi gæðaferlar og áætlanir um innleiðingu úrbóta Uppfyllt að fullu
   - 1.3. Fræðsluaðili tryggir að niðurstöður innra gæðamats séu skjalfestar og aðgerðum til úrbóta hrint í framkvæmd Uppfyllt að fullu
   - 1.4. Fræðsluaðili tryggir að ráðgjafar taki þátt í endurgjöf, endurskoðun og úrbótum á framkvæmd Uppfyllt að fullu
   - 1.5. Fræðsluaðili tryggir að niðurstöður endurgjafar og mats verði notaðar í umbótastarfi til að auka gæði þjónustunnar Uppfyllt að fullu
   - 1.6. Fræðsluaðili tryggir að starfsfólk þekki lagalegt umhverfi náms- og starfsráðgjafar og siðareglur sem gilda um starfið og þjónustuna Uppfyllt að fullu
   - 1.7. Fræðsluaðili tryggir að ráðgjafar séu hæfir á grundvelli menntunar, þjálfunar og/eða reynslu sinnar Uppfyllt að fullu
   - 1.8. Fræðsluaðili tryggir að ráðgjafar njóti stuðnings við að afla sér símenntunar Uppfyllt að fullu
   - 1.9. Fræðsluaðili hefur skýr og mælanleg markmið um framkvæmd og tilgang ráðgjafarinnar (t.d. að ná til ákveðinna markhópa) og tryggir að starfsfólk þekki til þeirra Uppfyllt að fullu
   - 1.10. Fræðsluaðili tryggir að ráðgjafar beiti skipulegum aðferðum til þess að meta hvort markmið þjónustunnar er náð Uppfyllt að fullu

Styrkleikar

Öll viðmið eru uppfyllt að fullu. Fræðsluaðili heldur vel utan um ráðgjöfina og þá ferla sem hafa verið innleiddir. Starfið er fast í sessi og gæðahandbók vísar veginn. Gögn eru á vísum stað á miðlægu drifi og samhljómur er í starfsmannahópnum um hvernig haldið er utan um ráðgjöfina.

Úrbætur

Úrbætur snúa að því sama og komið hefur fram hér að ofan, þ.e. að taka frá tiltekna fundartíma til að fjalla um gæðamál og draga saman í innra mats skýrslu eða samantekt í ársskýrslu. Brugðist hefur verið við öllum tillögum.

Upplýsingagjöf og varðveisla gagna

2. Upplýsingagjöf og varðveisla gagna
   - 2.1. Fræðsluaðili er með stefnu um meðferð og varðveislu persónuupplýsinga sbr. lög nr. 90/2018 Uppfyllt að fullu
   - 2.2. Fræðsluaðili tryggir aðgengi að upplýsingum um ráðgjöf, mögulegan ávinning af að nýta ráðgjöf og að upplýsingarnar séu lýsandi fyrir þjónustuna sem í boði er Uppfyllt að fullu
   - 2.3. Fræðsluaðili skráir og varðveitir upplýsingar um kynningar á ráðgjöfinni og fjölda þeirra sem koma Uppfyllt að fullu
   - 2.4. Fræðsluaðili skráir og varðveitir upplýsingar um ráðþega og niðurstöður viðtala sbr. lög nr. 77/2014 Uppfyllt að fullu
   - 2.5. Fræðsluaðili tryggir að notendur hafi kost á að veita endurgjöf meðan ráðgjöf varir og séu upplýstir um leiðir til að veita endurgjöf Uppfyllt að fullu

Styrkleikar

Öll viðmið eru uppfyllt að fullu. Allir ferlar sem snúa að upplýsingagjöf og varðveislu gagna eru í góðu standi. Persónuverndarmál eru í góðu lagi og allar upplýsingar um ráðgjöf sem er í boði eru aðgengilegar t.d. á heimasíðu.

Úrbætur

Áskorun Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða felst í því hversu fáir einstaklingar eru að baki t.d. fyrirhugðum þjónustukönnunum. Rætt var um fjölbreyttari leiðir til mats á þjónustu, t.d. rýnihópa og/eða einfaldari kannanir. Búið er að setja slíka endurgjöf á dagskrá og mikill metnaður er hjá starfsfólkinu að endurgjöf frá ráðþegum sé virkur hluti af starfseminni.

Undirbúningur og framkvæmd ráðgjafar

3. Undirbúningur og framkvæmd ráðgjafar
   - 3.1. Fræðsluaðili tryggir viðeigandi umhverfi, aðstæður og aðgengi fyrir ráðgjafaviðtöl Uppfyllt að fullu
   - 3.2. Fræðsluaðili tryggir að þarfir notanda og markmið hafi verið greind og um þau samið í upphafi ráðgjafarferlisins Uppfyllt að fullu
   - 3.3. Fræðsluaðili tryggir að þörfum og markmiðum notanda sé mætt með því að nota fjölbreyttar aðferðir við ráðgjöf Uppfyllt að fullu
   - 3.4. Fræðsluaðili tryggir að notendum sé leiðbeint í átt að uppbyggingu eigin hæfni Uppfyllt að fullu
   - 3.5. Fræðsluaðili tryggir að notendum sé fylgt eftir með reglubundnum hætti meðan ferli ráðgjafar varir Uppfyllt að fullu

Styrkleikar

Öll viðmið eru uppfyllt að fullu. Viðtöl fara fram í húsnæði Fræðslumiðstöðvarinnar eða á skrifstofu ráðgjafa. Fjölbreyttar aðferðir eru nýttar til þess að kortleggja þarfir viðkomandi og þær skráðar og metnar.

Úrbætur

Engar.

Raunfærnimat

Þriðji matsþátturinn er raunfærnimat sem skiptist í þrjá kafla.

„Stjórnun, markmið og umsýsla raunfærnimats“ lítur að mati sem varðar viðhald gæðamenningar, stjórnskipulag, kröfur til fagaðila mats, og mat á árangri og framkvæmd raunfærnimats.

„Upplýsingagjöf og varðveisla gagna“ er mat á meðferð og miðlun upplýsinga, endurgjöf, varðveislu gagna og eftirfylgni og endurgjöf þátttakenda á matskerfið og þjónustuna.

„Undirbúningur og framkvæmd raunfærnimats“ er mat á þörfum þátttakenda, undirbúning, aðbúnað, hæfniviðmið og matsaðferðir.

Stjórnun, markmið og umsýsla raunfærnimats

1. Stjórnun, markmið og umsýsla raunfærnimats
   - 1.1. Fræðsluaðili tryggir að starfsfólk (þ.m.t. verktakar) taki þátt í gæðastarfi, að viðhalda gæðamenningu og njóti stuðnings við að skilja og nýta gæðaeferlið Uppfyllt að fullu
   - 1.2. Fræðsluaðili tryggir að fyrir liggi gæðaferlar og áætlanir um innleiðingu úrbóta Uppfyllt að fullu
   - 1.3. Fræðsluaðili tryggir að niðurstöður innra gæðamats séu skjalfestar og aðgerðum til úrbóta hrint í framkvæmd Uppfyllt að fullu
   - 1.4. Fræðsluaðili tryggir að stýrihópur og fagaðilar sem koma að raunfærnimati taki þátt í endurgjöf, endurskoðun og úrbótum á framkvæmd Uppfyllt að fullu
   - 1.5. Fræðsluaðili tryggir að niðurstöður endurgjafar verði notaðar í umbótastarfi til að auka gæði raunfærnimats Uppfyllt að fullu
   - 1.6. Fræðsluaðili tryggir að starfsfólk sem kemur að raunfærnimati þekki lagalegt umhverfi og aðferðafræði raunfærnimats og reglur sem gilda um framkvæmdina Uppfyllt að fullu
   - 1.7. Fræðsluaðili tryggir að fagaðilar sem sinna raunfærnimati séu hæfir á grundvelli menntunar, þjálfunar og/eða reynslu sinnar samkvæmt kröfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og í samræmi við reglugerð nr. 1163/2011 Uppfyllt að fullu
   - 1.8. Fræðsluaðili tryggir að fagaðilar í raunfærnimati fái stuðning til að afla sér símenntunar Uppfyllt að fullu
   - 1.9. Fræðsluaðili hefur skýr og mælanleg markmið um framkvæmd raunfærnimats Uppfyllt að fullu

1.10. Fræðsluaðili skipar í stýrihóp og leiðir vinnu stýrihóps sem skipaður er í samræmi við reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 Uppfyllt að fullu
1.11. Fræðsluaðili tryggir að verkefnastjóri beri ábyrgð á skipulagningu og stjórn raunfærnimatsferlis í samstarfi við stýrihóp fagsins/starfsins og tímasetur verkáætlun Uppfyllt að fullu
1.12. Fræðsluaðili tryggir að verkefnastjóri beri ábyrgð á að verkaskipting sé skýr á milli fagaðila Uppfyllt að fullu

Styrkleikar

Öll viðmið eru uppfyllt að fullu. Skýrir verkferlar eru til staðar um fyrirkomulag raunfærnimats sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um. Farið er yfir gæði raunfærnimatsins á formlegum vettvangi.

Úrbætur

Engar.

Upplýsingagjöf og varðveisla gagna

1. Upplýsingagjöf og varðveisla gagna
   1.1. Fræðsluaðili er með stefnu um meðferð og varðveislu persónuupplýsinga sbr. lög nr. 90/2018 Uppfyllt að fullu
   1.2. Fræðsluaðili tryggir að þátttakendur fái upplýsingar um raunfærnimatsferlið og mögulegan ávinning af því Uppfyllt að fullu
   1.3. Fræðsluaðili tryggir að fyrirspurnum um raunfærnimat er svarað og veittar upplýsingar um möguleika á þátttöku í mati Uppfyllt að fullu
   1.4. Fræðsluaðili tryggir að einstaklingar sem uppfylla ekki skilyrði til þátttöku í raunfærnimati fái ráðgjöf um aðra möguleika til starfsþróunar Uppfyllt að fullu
   1.5. Fræðsluaðili tryggir upplýsingagjöf til þátttakenda um stöðu þeirra í ferlinu hverju sinni Uppfyllt að fullu
   1.6. Fræðsluaðili tryggir að þátttakendur hafi rétt sinn til að gera athugasemdir við framkvæmd og niðurstöður raunfærnimatsins Uppfyllt að fullu
   1.7. Fræðsluaðili veitir þátttakendum niðurstöður úr raunfærnimati, skráir og varðveitir gögn um þátttakendur og niðurstöður raunfærnimats sbr. lög nr. 77/2014 Uppfyllt að fullu
   1.8. Fræðsluaðili tryggir að þátttakendur hafi fengið kynningu á raunfærnimatsferlinu þar sem fram koma helstu upplýsingar um framkvæmd Uppfyllt að fullu
   1.9. Skilgreindur verkferill við verklok, gögn eru skráð í kerfi fræðsluaðila Uppfyllt að fullu
   1.10. Fræðsluaðili tryggir að matsaðilar fái endurgjöf frá þátttakendum að raunfærnimati loknu sem er notuð til umbóta Uppfyllt að fullu

Styrkleikar

Upplýsingum um raunfærnimat er aðgengilegt víða og ítarlegar upplýsingar eru til staðar á heimasíðu. Fræðslumiðstöðin er með pólskumælandi ráðgjafa sem er mikilvægt í því fjölmenningarsamfélagi sem Vestfirðir eru.

Úrbætur

Engar.

Undirbúningur og framkvæmd raunfærnimats

1. Undirbúningur og framkvæmd raunfærnimats
   - 1.1. Fræðsluaðili tryggir viðeigandi aðbúnað (aðgengi að aðstöðu, tækjabúnaði eða annað sem þarf) til framkvæmda á raunfærnimati, í samráði við matsaðila Uppfyllt að fullu
   - 1.2. Fræðsluaðili tryggir að þátttakendur séu upplýstir um skipulag, gögn og framkvæmd Uppfyllt að fullu
   - 1.3. Fræðsluaðili tryggir að þátttakendur hafi aðgang að náms- og starfsráðgjöf í raunfærnimatsferlinu Uppfyllt að fullu
   - 1.4. Fræðsluaðili tryggir að hæfniviðmið séu kynnt þátttakendum Uppfyllt að fullu
   - 1.5. Fræðsluaðili sér til þess að verkefnastjóri tryggi að matsaðilar fái tilskilin gögn tímanlega fyrir viðtöl Uppfyllt að fullu
   - 1.6. Fræðsluaðili tryggir að matsaðilar gefi sem réttasta mynd af hæfni þátttakenda og taki mið af þörfum þeirra Uppfyllt að fullu
   - 1.7. Fræðsluaðili tryggir að þátttakendum sé leiðbeint í átt að uppbyggingu eigin hæfni að loknu raunfærnimati Uppfyllt að fullu

Styrkleikar

Öll viðmið uppfyllt að fullu. Ferlið kynnt þátttakendum og matsaðilar alltaf valdir með tilliti til reynslu og þekkingar með áherslu á að nota fjölbreyttar og viðeigandi matsaðferðir. Vel undirbúin og skipulögð framkvæmd á raunfærnimati, unnið samkvæmt fyrirmælum FA og með þörfum og menningarlegri sérstöðu samfélagsins.

Úrbætur

Engar.

Niðurstaða

	Fræðsla	Ráðgjöf	Raunfærnimat
Stjórnun, markmið og umsýsla	Uppfyllt að fullu	Uppfyllt að fullu	Uppfyllt að fullu
Upplýsingagjöf og varðveisla	Uppfyllt að fullu	Uppfyllt að fullu	Uppfyllt að fullu
Undirbúningur og framkvæmd	Uppfyllt að fullu	Uppfyllt að fullu	Uppfyllt að fullu

Samantekt

Fræðsluaðilinn uppfyllir EQM/EQM+ gæðavottunina að fullu eftir ítarlega úttekt á stöðu fræðsluaðila gagnvart þeim starfsháttum sem eru tilgreindir í gæðakerfinu.

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða stendur styrkum fótum og góð þekking er almennt innan stofnunarinnar á eðli og framkvæmd fræðslustarfs samkvæmt kröfum hagaðila og fjármögnunaraðila. Ábendingar matsaðila við úttekt á gögnum og í heimsókn fólust fyrst og fremst í tækifærum til að tengja betur saman innra gæðastarf og formgerð, ásamt tillögu um að draga saman innra matið í ársáætlun eða þar til gerðri skýrslu. Góð þekking er á gæðamálum hjá fræðsluaðilum og mikill vilji til að gera stöðugt betur og auka gæði starfseminnar í takt við þarfir samfélagsins og vöxt þess.

Í matsferlinu og í heimsókn matsaðila var tíminn nýttur til að fá ítarlega innsýn yfir gæðastarfið til þess að tryggja að fræðsluaðili uppfyllti þá þætti sem tengjast gæðakerfinu EQM/EQM+. Mjög vel gekk að fá aðgang að gögnum og samskipti voru til fyrirmyndar.

Lokatilmæli

Matsaðili, ráðgjafi skólaráðgjafaþjónustunnar Ásgarðs leggur til að fræðsluaðilinn Fræsðlumiðstö Vestfjarða á Ísafirði fái EQM/EQM+ vottunina endurnýjaða.

Kristrún Lind Birgisdóttir

Kristrún Lind Birgisdóttir

Viðhengi

1. Sjálfsmat fyrir úttekt - gert af starfsfólki Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og viðbrögð og athugasemdir matsaðila
   Fræðslumiðstöð Vestfjarða - EQM+ Sjálfsmat og mat úttektaraðila- sen...
2. Uppfærður matslisti eftir umbætur
   Matslisti Fræðslumiðstöð Vestfjarða 2025